



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Helgi Héðinsson

Skútustaðahreppur

12. apríl

Kæru Mývetningar. Nú líður að páska og okkur gefst kærkomið tækifæri til samveru, útivistar eða hvers þess sem veitir okkur gleði og hamingju. Ég vona að við öll njótum menningardagskrár í Mývatnssveit um páska og göngum saman til friðar föstudaginn langa. Ég hvet gesti til að sækja okkur heim, njóta náttúrunnar, góðra veitinga, menningardagskrár og slökunar í Jarðböðunum svo eitthvað sé nefnt.



Skoðanakönnun meðal íbúa um nafn á nýju sveitarfélagi

Þessa dagana gefst íbúum Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps tækifæri til að taka þátt í að velja nafn á sameinað sveitarfélag Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Valið stendur á milli fjögurra nafna, Goðáþing, Laxárþing, Suðurþing og Þingeyjarsveit.

Könnunin er opin frá 4. apríl til miðnættis 19. apríl og verður leiðbeinandi fyrir nýja sveitarstjórn, sem tekur endanlega ákvörðun um nafnið.

Könnunin fer fram á vefnum Betra Ísland, <https://betraisland.is/group/13151> (sjá einnig á

heimasíðu sveitarfélaganna þar sem hægt er að fara beint inn á slóðina).

Innskráning er með rafrænum skilríkum og þátttökuréttur miðast við alla íbúa sveitarfélaganna beggja sem náð hafa 16 ára aldri þann 10. mars s.l.



Mynd: Kristinn Ingi Pétursson

Please assist us choosing a name for our new merged municipality

These days there is an opportunity to assist in choosing a name for the new merged municipality of Skútustaðahreppur and Þingeyjarsveit. Four names are in the pool, Goðáþing, Laxárþing, Suðurþing og Þingeyjarsveit.

The new name will eventually be chosen by the elected members of the new municipality after the elections on the 14th of may.

The link is open to all residents of the municipalities aged 16 and older, until the 19th of april. - <https://betraisland.is/group/13151>

Kosningar í sameinuðu sveitarfélagi

Tvö framboð bárust yfirkjörstjórn sameinaðs sveitarfélags vegna kosninganna þann 14. maí. Við munum því ganga með bros á vör til kosninga í sameinuðu sveitarfélagi. Ég hvet alla til að láta sig málefni sveitarfélagsins varða í aðdragandi kosninganna og að nýta rétt sinn á kjördag.

Niðurstöður skuggakosninga

Niðurstöður skuggakosninga meðal nemenda í grunnskólum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar liggja fyrir. Skuggakosningarnar gengu vel og var mikil kátína meðal nemenda með framkvæmdina og vekur vonandi áhuga þeirra á málefnum nærsamfélagsins til framtíðar. Samanlagt voru á kjörskrá 148 nemendur, en af þeim greiddu 138 atkvæði eða um 93%. Frábær þátttaka! Niðurstöður voru nokkuð mismunandi meðal skóla sem er áhugavert, en þær voru sem hér segir.

Reykjahlíðarskóli:

Á kjörskrá: 38
Atkvæði greiddu: 37
Kjörsókn: 97,4%

Goðáþing: 10 atkvæði eða 27%
Laxárþing: 11 atkvæði eða 29,7%
Suðurþing: 6 atkvæði eða 16,2%
Þingeyjarsveit: 8 atkvæði eða 21,6%
Auðir og ógildir: 2 eða 5,4%

Stjórutjarnaskóli

Á kjörskrá: 39
Atkvæði greiddu: 37
Kjörsókn: 94,9%

Goðáþing: 10 atkvæði eða 27%
Laxárþing: 1 atkvæði eða 2,7%
Suðurþing: 6 atkvæði eða 16,2%
Þingeyjarsveit: 20 atkvæði eða 54,1%
Auðir og ógildir: 0

Þingeyjarskóli

Á kjörskrá: 71
Atkvæði greiddu: 64
Kjörsókn: 90,1%

Goðáþing: 6 atkvæði eða 9,4%
Laxárþing: 19 atkvæði eða 29,7%
Suðurþing: 7 atkvæði eða 10,9%
Þingeyjarsveit: 32 atkvæði eða 50%
Auðir og ógildir: 0

Samanlagt

Á kjörskrá: 148
Atkvæði greiddu: 138
Kjörsókn: 93,2%

Goðáþing: 26 atkvæði eða 18,8%
Laxárþing: 31 atkvæði eða 22,5%
Suðurþing: 19 atkvæði eða 13,8%
Þingeyjarsveit: 60 atkvæði eða 43,5%
Auðir og ógildir: 2 eða 1,4%

Nafnið Þingeyjarsveit er því ótvíræður sigurvegari skuggakosninganna. Við þökkum nemendum kærlega þeirra mikilvæga framlag.

Skólastjóri óskast í afleysingu

Laus er til umsóknar staða skólastjóra í Reykjahlíðarskóla, samreknum leik og grunnskóla Skútustaðahrepps. Staðan er auglýst til eins árs vegna orlofs Hjördísar Albertsdóttur, skólastjóra. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Skútustaðahrepps www.skutustadahreppur.is

Páskabingó Mývetnings

Í dag, þann 12. apríl næstkomandi ætlar Mývetningur að halda sitt árlega páskabingó. Bingóið er haldið í félagsheimilinu Skjólbrekku og hefst klukkan 17:00. Nemendafélag Reykjahlíðarskóla verður með sjoppu á staðnum.

Skíðaferð Mývetnings

Skíðadeild Mývetnings stóð á dögnum fyrir skíðaferð austur í Oddsskarð og mættu 30 börn og foreldrar til leiks. Tóku krakkarnir þátt í Fjarðarárslsmótinu þar sem keppt var í svigi og stórsvigi og stóðu krakkarnir sig öll með þryði. Gist var á gistiheimilinu Skorrahestum í Neskaupsstað og farið í Vök og út að borða. Skíðadeildin vill koma á framfæri þökkum til þeirra fyrirtækja sem styrktu ferðina og þeirra foreldra sem lögðu sitt af mörkum.

Unglingadeildir hittast

Það myndaðist góð stemning hjá unglungunum þegar Reykjahlíðarskóli bauð 8. - 10. bekk frá Þingeyjarskóla og Stórutjarnarskóla til samveru í Mývatnssveit.



Halló ungmenni!

Ungmennaráð Skútustaðahrepps býður ungmennum á aldrinum 13 til 22 ára á opið hús í Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps fimmtudaginn 14. apríl, skírdag. Það styttest í að við verðum eitt sameinað sveitarfélag og viljum við af því tilefni bjóða ykkur á opið hús og skapa tækifæri fyrir ungmenni á svæðinu til að hittast, kynnast hvert öðru og hafa gaman! Ekki láta þig vanta!

Dagskrá:

13:00 Fyrirlestur - Baldur Sigurðsson talar meðal annars um afreksíþróttir, heilbrigðan lífsstíl og hvernig er að alast upp í fámennu sveitarfélagi.

13:30 Opið hús í ÍMS- Margt í boði þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, klifur, karfa, píla, þrautabraut, pool og margt fleira. Einnig verður hægt að kíkja í félagsmiðstöðina í kjallaranum.

15:00 Jarðböðin bjóða öllum ungmennum sem mæta á opna húsið í bað að lokinni dagsskrá – Miðar á staðnum. Ungmennaráð Skútustaðahrepps vill hvetja öll ungmenni á svæðinu til að mæta og taka með sér vini!

Friðarganga umhverfis Mývatn

Í ár ætlum við að fara aftur af stað með göngu umhverfis Mývatn en margir hafa lagt leið sína í Píslagönguna allt frá árinu 1993 þegar nokkrir vinir ákváðu að föstudagurinn langi væri eini dagurinn á árinu sem væri nógu langur til að ganga hringinn í kringum vatnið.

Í ár verður gangan tileinkuð friði á jörð. Gangan er 36 kílómetrar og fer hver og einn á sínum hraða, gangandi, hlaupandi eða hjólandi.

Dagskrá:

08:30 – Mæting í Reykjahlíðarkirkju þar sem fer fram skráning í gönguna í gestabók og séra Örnólfur sér um morguntíðir.

09:00 – Friðarganga hefst. Örn á Grímsstöðum og Jói frá Álftagerði sem fóru hringinn fyrst 1993 mæta og starta göngunni.

Á leiðinni verður hægt að koma við í gamla húsinu í Vagnbrekku sem er 12 km frá upphafsstað og nota salerni og fylla vatnsbrúsa. Skútustaðakirkja verður opin þar sem hægt verður að hvíla lúin bein og hlusta á séra Örnólf lesa Passíusálmana. Í Skjólbrekku verður hægt að komast á salerni og kaupa súkkulaði og kaffi sem Kvenfélag Mývatnssveitar mun standa fyrir. Þá eru 16 km eftir í Reykjahlíð og hægt að komast á salerni á Geiteyjarströnd 1. Björgunarsveitin Stefán mun vera til taks ef á þarf að halda.

Tekið verður á móti frjálsum framlögum og mun söfnunarfé renna óskipt til flóttafólks frá Úkraínu. Úkraínureikningur: 1110-05-250359 Kt. 600269-1279

Hvetjum alla til að styrkja gott málefni. Verið hjartanlega velkomin!

Mývetningar 60 ára og eldri athugið!

Félagsmálaráðuneytið úthlutaði Skútustaðahreppi tveimur styrkjum á Covid-tímabilinu, sem eingöngu eru ætlaðir eldri Mývetningum.

Því hefur verið ákveðið að bjóða öllum Mývetningum 60 ára og eldri á tónleikana Músík í Mývatnssveit, á skírdag og á föstudaginn langa

Einnig verður boðið upp á akstur, skráning fer fram hjá Dagbjörtu fyrir 13. apríl í síma 898-9558 eða í netfang dagbjort@skutustadahreppur.is

Norðanátt



Á dögnum var haldin glæsileg fjárfestahátíð á Siglufirði. Nýsköpunarhreyfingin Norðanátt stóð fyrir hátíðinni og var hún lokaskref í nýsköpunarhringrás sem hófst á hraðli, að honum loknum tók við vaxtarrými – 8 vikna þjálfunarbúðir þar sem átta fyrirtæki fengu stuðning við að þróa sínar hugmyndir og móta enn frekar. Lokaskrefið var svo fjárfestahátíðin. Norðanátt var styrkt af Lóu, nýsköpunarsjóði fyrir landsbyggðina.

Á hátíðinni, sem hefur fengið verðskuldaða athygli í fjölmiðlum, kynntu 10 teymi verkefni sín sem snerta orkuskipti, hringrásarhagkerfið eða fullnýtingu auðlinda í takt við áherslur Norðanáttar; matur, orka, vatn. Viðburðurinn er eingöngu ætlaður fjárfestum sem horfa til landsbyggðarinnar sem ákjósanlegs fjárfestingakosts og voru um 30 fjárfestar mættir til leiks auk aðila úr stoðkerfi nýsköpunar, fulltrúar sveitarfélaga og annarra hagaðila.

Norðanátt er öflugt samstarf SSNE, Eims, SSNV, Nýsköpunar í Norðri, Hraðinu og RATA sem sá um þjálfun fjárfestateymanna fyrir kynningarnar á hátíðinni. Samstarfið nær því yfir Norðurland allt og hefur gengið afar vel.

Glæsilegir fulltrúar Mývatnssveitar kynntu afurð Mýsköpunar, Mývatns Spirulina, sem unnin er úr þörungum úr Mývatni. MýSköpun er nýsköpunarfyrirtæki sem ætlað er að efla fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu við Mývatn.



Árสปing SSNE ofl.

Árสปing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar fór fram á Húsavík í liðinni viku. Þingið var vel heppnað og ljóst að mikill kraftur hefur einkennt starf samtakanna á liðnu ári.

Músík í Mývatnssveit

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit 2022 verður haldin í dymbilviku, á skírdag 14.apríl og föstudaginn langa 15.apríl.

Á skírdag 14.apríl kl. 20 í Skjólbrekku, verður flutt píanótrío opus 70 nr 1, Draugatríóið, eftir Beethoven ásamt sönglögum og óperuaríum.

Á föstudaginn langa 15.apríl kl. 21 í Reykjahlíðarkirkju, verða fluttar ýmsar perlu tónbókmenntanna; þar á meðal sónata fyrir píanó og fiölu eftir Mozart, kaflar úr einleikssvítum fyrir selló eftir J.S.Bach og úrval af sönglögum sem ramma inn efnisskrána og mynda heild sem er í samræmi við hefð dagsins.

Flytjendur eru Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Kristinn Sigmundsson bassi, Ammiel Bushakevitz píanó, Laufey Sigurðardóttir fiöla og Bryndís Halla Gylfadóttir selló.

Hlökkum til að sjá ykkur !

Börn í viðkvæmri stöðu

Embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra stóð á dögnum fyrir vinnustofu samstarfsaðila sem koma að málefnum og hagsmunum barna sem teljast vera í viðkvæmri stöðu vegna aðstæðna sinna. Markmiðið með vinnustofunni var að bæta samstarf á milli lykilaðila og stofnana sem sinna börnum og vinna að hagsmunum þeirra. Vinnustofan var virkilega fræðandi og í fullu samræmi við farsældarlögin sem tóku gildi 1. janúar 2022. Hjördís Albertsdóttir, skólastjóri og Alma Benediktsdóttir, verkefnastjóri mættu fyrir hönd Skútustaðahrepps á vinnustofuna.



Göngu- og hjólastígur

Á liðnum vikum hefur verið unnið að undirbúningi við næsta áfanga göngu- og hjólastígs umhverfis Mývatn. Um brýnt öryggismál er að ræða sem styrkir innviði sveitarinnar til mikilla muna og mun verða glæsileg viðbót fyrir íbúa og gesti sveitarinnar fögru. Áfanginn sem nær frá Dimmuborgum að Skútustöðum telur um 10,1 km og er krefjandi viðfangsefni fyrir hönnuði í góðu samstarfi við hagsmunaaðila. Stefnt er að því að ráðast í jarðvinnu á komandi sumri en að áfanginn verði tilbúinn í lok sumars 2023. Útboð var auglýst fyrir helgi og verður spennandi að fylgjast með framvindu þessa mikla framfaraskrefs.

Menningarverðlaun 2022

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps 2022. Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga

menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi. Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps undir umsóknareyðublöð. Tilnefningar skal senda á netfangið tillaga@skutustadahreppur.is fyrir 1. maí n.k. Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní n.k.

Kálfaströnd - veiðiréttur

Á 79. fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps var samþykkt að auglýsa sumarveiðirétt Kálfastrandar til eins árs. Auglýsing verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins og í staðarmiðlum á næstu vikum.

Hrós dagsins

Hrós dagsins fær forsvarsfólk Mývetnings. Mývetningur hefur meðal annars haldið uppi mjög metnaðarfullu skíðastarfi á liðnum vetri. Fjöldi barna (og fullorðinna) í sveitarfélaginu nýtur góðs af óeigingjörnu starfi félagsins og fyrir það vil ég þakka sérstaklega að þessu sinni.

Helgi Héðinsson, sveitarstjóri